



FUNDARGERÐ

Stjórnarfundur 11. desember 2024 kl. 16 í Borgarnesi

Mætt voru: Kristinn Jónasson, Steinunn Magnúsdóttir, Finnbogi Leifsson, Emil K Sævarsson, Ómar Örn Kristófersson og Magni Grétarsson. Eva Margrét Jónudóttir, boðaði forföll. Einnig sat fundinn Hrefna B Jónsdóttir, framkvæmdastjóri.

1. Fundur settur

Formaður Kristinn Jónasson, setti fund kl. 16:00

2. Fundargerð síðasta fundar frá 30. október 2024

Samþykkt

3. Fjárhagsáætlun

Framkvæmdastjóri fór yfir tillögu að fjárhagsáætlun.

Farið yfir stærstu verkefni félagsins og þau rædd. Stækkun urðunarstaðarins er þar umfangsmest. Einnig rætt um vegagerð frá Þjóðvegi að Fíflholtum, starfsmannaaðstaða í Fíflholtum, áframhaldandi gróðursetning o.fl.

Ábyrgðargjald ákveðið 0,65 kr. pr. kg. fyrir árið 2025.

4. Framkvæmdir og staða í Fíflholtum.

a. Urðunarreín nr. fimm

Lögð fram fundargerðir frá verkfundi dags: 26.11.2024

b. Fok og hreinsun svæðis.

Stöðugt er unnið að hreinsun svæðisins.

5. Gassöfnun og drög að nýjum þjónustusamningi við ReSource.

Lagður fram og ræddur. Samþykktur

6. Sorpbrennsla

Formaður og framkvæmdastjóri gerðu grein fyrir stofnun félags sem hefur það hlutverk að vinna undirbúning fyrir sorpbrennslu fyrir SV hornið. Formanni og framkvæmdastjóra falið að kanna með þátttöku Sorpurðunar Vesturlands hf. í verkefninu.

7. Fundargerð verkefnisstjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga

a. 4. nóvember 2024. Lögð fram.

8. Önnur mál.

a. Fenúrfundur 21. nóv. sl.

Framkvæmdastjóri gerði stuttlega grein fyrir haustfundi FENÚR. Haldin var ráðstefna í Bragganum í Reykjavík sem var vel sótt.

b. Textíl.

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir útflutningsmöguleikum á textíl og möguleikum til endurvinnslu. Nú er staðan sú að greiða verður með hráefninu til förgunar og er brennsla sú leið sem virðist raunhæfust í stöðunni.

9. Fundarslit kl. 17:14

Fundarritari: Hrefna B Jónsdóttir.